

Sjúkratryggingar
B.t. Kristínar Láru Ólafsdóttur
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík

Mosfellsbæ, 14. febrúar 2023
Erindi nr. 202202075/11.2 SF

Efni: Umsókn um stækkun dagdvalar

Þann 17. október 2000 sótti Mosfellsbær um heimild til reksturs 6 dagdvalarrýma í þjónustumiðstöðinni að Eirhömrum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Heimild var veitt frá 1. febrúar 2002 til reksturs fjögurra rýma. Á árinu 2003 var sótt um heimild til að fjölga þeim rýmum upp í 12, og var heimild veitt sama ár að fjölga þeim upp í níu. Sá fjöldi hefur staðið óbreyttur frá þeim tíma þrátt fyrir fjölgun eldri borgara í Mosfellsbæ á þessum tíma frá 254 árið 2003 upp í 1.357 árið 2022, eða um rúmlega 400%. Á sama tíma hefur heildaríbúafjölgun í Mosfellsbæ verið rúmlega tvöföldun, úr 6.473 íbúum upp í 13.024. Fjölgun í hópi eldri borgara í Mosfellsbæ hefur því verið langt umfram fjölgun í öðrum hópum.

Á árinu 2022 sótti 41 Mosfellingur dagdvöl á hinum ýmsu stöðum og því ljóst að þörfin fyrir dagdvalarrými í Mosfellsbæ er langt umfram þau 9 rými sem nú eru til staðar. Að auki býður dagdvöl með níu rýmum upp á takmarkaða getu til að bjóða upp á fjölbreytta starfsemi.

Það er því vilji Mosfellsbæjar að sækja um fjölgun á rýmum til að geta boðið upp á öflugara starf í dagdvölinni sem og að geta boðið fleirum Mosfellingum dagdvöl í sínum heimabæ.

Með þessu bréfi er þess óskað að Mosfellsbæ sé veitt heimild til að auka fjölda í dagdvölinni að Eirhömrum um sex ný rými sem yrðu skilgreind sem sértæk rými. Að auki er þess óskað að samþykkt verði að breyta núverandi rýmum úr almennum dagdvalarrýmum í sértæk rými. Með því móti verður betur hægt að bjóða upp á dagdvöl fyrir þá einstaklinga sem sýna einkenni heilabilunar og þurfa á þessum tímapunkti að keyra langar vegalendir daglega til að komast í sértæka dagdvöl.

Virðingarfyllt,

Sigurbjörg Fjölнисdóttir
Framkvæmdastjóri velferðarsviðs

